

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. desember 1989

um breytingu á tilskipun ráðsins 87/402/EBE frá 25. júní 1987 um veltigrindur framan við öikumannssæti á landbúnaðardráttarvélum á hjólum með lítilli sporvidd

(89/681/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir með það í huga að koma smám saman á stofn innri markaði fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn á að mynda svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Í 12. gr. tilskipunar 87/402/EBE ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um að bæta skuli við hreyfiprófunarhlutann í þeirri tilskipun ákvæðum um viðbótarhöggprófanir.

Viðbótarprófunum hefur verið bætt við í kyrrstöðuprófunarhlutann, því er einnig nauðsynlegt að bæta viðbótarprófunum við í hreyfiprófunarhlutann, en slíkt gæfi raunsannari mynd af veltu dráttarvélar, þannig yrðu þessir hlutar jafngildir og mismunur á milli þeirra yrði ekki lengur fyrir hendi.

Heimilt er að yfirlæra niðurstöður raunverulegra tilrauna sem eru gerðar á aftanásettum grindum á sömu tegund grinda sem eru framanásettar með hliðsjón af áreiðanleika færðbreytna og útreikninga.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 305, 30. 11. 1988, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 120, 16. 5. 1989, bls. 70, og

Stjtið. EB nr. C 256, 9. 10. 1989, bls. 76.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 102, 24. 4. 1989, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 8. 8. 1987, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 87/402/EBE:

1. Í stað liðar 1.6 í IV. viðauka A komi eftirfarandi:

„1.6 Viðbótarprófun

Ef sprungur eða rifur sem ekki geta talist smávægi-
legar koma í ljós meðan á höggprófuninni stendur,
verður að gera aðra sams konar prófun, en miða
skal þá við fallhæðina:

$$H' = \frac{H}{10} \times \frac{12 + 4a}{1 + 2a}$$

strax að loknum þeim höggprófunum sem rifurnar
eða sprungurnar komu fram við, þá er „a“ hlut-
fall varanlegrar sveigju (aflögunar) og fjaðrandi
sveigju ($a = D_p/D_c$) mælt við höggpunkt.

Aukin varanleg sveigja (aflögun) vegna seinna
höggs má ekki vera meira en 30% af varanlegri
sveigju vegna fyrri höggs.

Til þess að unnt sé að framkvæma viðbótarpró-
funina er nauðsynlegt að mæla fjaðrandi sveigju í
öllum höggprófunum.

1.6.2. Ef meiriháttar sprungur eða rifur koma fram skal
framkvæma aðra sams konar álagsprófun, með
krafti er jafngildir $1,2 F_v'$, strax á eftir álagspró-
funinni sem olli sprungunni eða rifunni.“;

2. Eftirfarandi lið er bætt við VI. viðauka:

„7.3 Upplýsingar um og niðurstöður úr viðbótarhreyfi-
prófunum“.

2. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja nauðsynleg ákvæði til
að fara að tilskipun þessari eigi síðar 12 mánuðum frá 3.
janúar 1990 að telja. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórn-

inni það þegar í stað.

Gjört í Brussel 21. desember 1989.

3. gr.

Fyrir hönd ráðsins,

E. CRESSON

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

forseti.
